

Árið 2026, föstudaginn 26. júní kl. 15:30, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Steinari Þór Guðgeirssyni og Jóhannesi Alberti Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 4/2026

FHL

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 23. júní 2026, þar sem leikmaður áfrýjanda, Alexis Simone Wright, var úrskurðuð í eins leiks bann. Um var að ræða einn leik til viðbótar við sjálfkrafa leikbann sem leikmaðurinn hlaut vegna brottvísunar í leik FHL gegn KR í Lengjudeild kvenna þann 15. júní 2026.

Áfrýjun FHL barst skrifstofu KSÍ þann 24. júní sl. ásamt beiðni um áfrýjunarleyfi á grundvelli sérstækra ástæðna. Áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um eins leiks bann Alexis Simone Wright, dags. 23. júní 2026, verði felldur úr gildi.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var leikmanni áfrýjanda gert að sæta eins leiks leikbanni til viðbótar við sjálfkrafa leikbann sem hún hlaut vegna brottvísunar. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísaði í úrskurði sínum til þess að skýrsla dómara hafi ekki borið með sér lýsingu á atvikinu og að nefndin hafi farið yfir framkomin myndbönd með vísan til gr. 6.5 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Niðurstaða nefndarinnar var að bæta einum leik við leikbann leikmannsins fyrir alvarlega grófan leik.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a- til e-liða gr. 4.2. í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól og a- til e-liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur heimilað áfrýjun með vísan til sérstakra ástæðna í skilningi e-liðar fyrrgreindra reglugerða.

III

Áfrýjandi krefst þess að úrskurður um leikbann Alexis Simone Wright frá 23. júní sl. verði felldur úr gildi. Í áfrýjun sinni vísar áfrýjandi til þess að umrætt atvik hafi átt sér stað með þeim hætti að leikmaður KR hafi komið af miklum hraða fram fyrir leikmann FHL og náð til boltans. Leikmaður FHL hafi brugðist við með því að reyna að stíga fyrir leikmann KR og ýtt við henni með vinstri hendi. Áfrýjandi kveður leikmann KR hafa verið á mikilli ferð og misst jafnvægi er hún lenti á hornfána og skolið á steinvegg fyrir utan völlinn. Áfrýjandi kveður dómara leiksins ekki hafa dæmt eða rekið leikmann FHL af velli fyrr en að liðnum u.þ.b. 25 mínútum þegar ljóst var hversu illa leikmaður KR hafði slasast.

Áfrýjandi byggir á því að dómari leiksins og aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi ákveðið viðurlög vegna afleiðinga atviksins en ekki vegna háttsemi leikmanns FHL sem slíkrar. Vísar áfrýjandi til þess að orsök meiðsla leikmanns KR hafi fyrst og fremst verið ytri aðstæður á borð við hraða sem hún var á, áttin sem hlaupið var í, fall um hornfána og steinveggurinn sem hún lenti á fyrir utan völlinn. Áfrýjandi telur ljóst að ekki hefði verið refsað með sama hætti fyrir sambærilegt atvik inni á vellinum.

Áfrýjandi leggur áherslu á að háttsemi leikmanns FHL hafi ekki verið heiftarlegar, heldur mögulega ógætilegar og í versta falli skeytingarlausar í skilningi skilgreininga 12. gr. knattspyrnulaga. Byggt er á því af hálfu áfrýjanda að háttsemi leikmannsins eigi ekki undir grófa óíþróttamannslega framkomu eða alvarlega grófan leik sem réttlætir refsingu umfram sjálfkrafa leikbann sem fylgir brottvísun, sbr. gr. 13.1.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áfrýjandi byggir á því að refsingar í agamálum eigi að taka mið af háttseminni sjálfri en ekki slysi eða ytri aðstæðum sem leikmaðurinn stjórnar ekki.

Áfrýjandi byggir jafnframt á því að málsmeðferð hafi verið háð annmörkum. Vísar áfrýjandi í þeim efnum til þess að dómari leiksins nefni ekkert í skýrslu sinni að brotið hafi verið sérstaklega heiftarlegt eða falið í sér ásetning til að valda meiðslum. Að meginreglu skuli skýrsla dómara vera lögð til grundvallar í agamálum og myndbandsupptökum aðeins skoðaðar í vafatilvikum, sbr. gr. 6.5 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áfrýjandi vísar til þess að málið hafi ekki verið tekið fyrir á fyrsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ eftir umræddan leik heldur viku síðar og þá á grundvelli myndbandsupptaka. Áfrýjandi byggir á því að enginn vafi hafi verið fyrir hendi þar sem dómarar leiksins sáu atvikið og að fyrirliggjandi myndbönd gefi ekki nægt tilefni til að þyngja leikbann leikmannsins.

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins.

Mál þetta varðar eins leiks bann samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar, dags. 23. júní 2026. Í skýrslu dómara um atvikið kemur fram að brottvísun hafi verið vegna alvarlega grófs leiks. Enga frekari lýsingu er að finna í skýrslu dómara um atvikið. Gögn málsins bera með sér að aga- og

úrskurðarnefnd hafi kveðið upp úrskurð á grundvelli myndbanda af atvikinu með vísan til heimildar gr. 6.5 um notkun myndbandsupptaka ef vafi leikur á um atvik. Fyrir liggur að atvikið sem um ræðir átti sér stað í leik FHL gegn KR í Lengjudeild kvenna þann 15. júní sl. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar jafnan á þriðjudögum og því liggur fyrir að frá því að atvikið átti sér stað voru haldnir tveir fundir í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, sá fyrri var haldinn daginn eftir umræddan leik, þann 16. júní sl. og seinni fundurinn 23. júní sl. Ekki virðist hafa verið fjallað um málið á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 16. júní 2026 heldur var úrskurður kveðinn upp viku síðar hinn 23. júní 2026 á grundvelli myndbandsupptaka.

Í gr. 6.4 og gr. 6.4.1 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál kemur eftirfarandi fram:

6.4 Félag leikmanns, þjálfara eða forráðamanns sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/athugasemdina og, ef við á, leggja fram önnur gögn til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi félag skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

6.4.1 Þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun skal félag þess sem í hlut á fá senda skýrslu dómarsins um brottvísunina næsta virka dag ef brottvísunin getur leitt til þyngingar, skv. starfsreglum aganefndar. Það sama á við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.

Af gögnum málsins fær dómurinn ekki séð að áfrýjandi hafi fengið tilkynningu um að málið væri til skoðunar hjá aga- og úrskurðarnefnd og veittur kostur á að gera athugasemdir við gögn þess.

Líkt og fram kemur í niðurlagi gr. 6.4 geta athugasemdir félaga haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar úrskurður er kveðinn upp og metur dómurinn sem svo að tilkynning þess efnis að til greina komi að þyngja refsingu sé forsenda þess að félag eigi kost á því að láta málið sig varða. Þá er slík tilkynning jafnframt nauðsynleg svo félög eigi þess kost að gera kröfu um að málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærumál, sbr. gr. 6.6 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með vísan til framangreinds telur áfrýjunardómstóll KSÍ að málsmeðferð aga- og úrskurðarnefndar hafi verið verulegum annmörkum háð þar sem ekki var gætt að réttindum félagsins sem átti í hlut og málið tekið til úrskurðar á grundvelli myndbandsupptaka án þess að tilkynna áfrýjanda þar um. Áfrýjunardómstóll telur mikilvægt að tryggja að tilkynning berist félögum með sannanlegum hætti enda geti athugasemdir félaga haft áhrif varðandi þyngingu refsingar. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að ógilda beri úrskurð aga- og úrskurðarnefndar.

Dómsorð:

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um leikbann Alexis Simone Wright, dags. 23. júní 2026, er felldur úr gildi.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]